

**Umsögn um mál nr. 74/2021
Drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga
um matvæli til neytenda.**

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á 6. gr. reglugerðarinnar:

„a. Fyrirsögn ákvæðisins verði: Upplýsingar við markaðssetningu matvæla.

b. Við ákvæðið bætist við tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo: Ef um er að ræða forpökkuð matvæli er heimilt að lögboðnar upplýsingar komi fram með eftirfarandi hætti:

a) beint á umbúðum,

b) á merkimiða sem festur er á umbúðirnar

eða c) með tæknilausnum sem tryggja að lögboðnar matvælaupplýsingar séu tiltækar og auðveldlega aðgengilegar.

Við framsetningu upplýsinga samkvæmt c-lið er skylt að tryggja sömu neytendavernd m.t.t. merkinga matvæla og ef lögboðnar upplýsingar komi fram á forpökkuðum matvælum beint á umbúðum eða á merkimiða sem festur er á umbúðirnar.

Með tæknilausnum er átt við að vöruupplýsingar forpakkaðra matvæla séu aðgengilegar með strikamerki eða QR kóða sem unnt er að lesa af með smáforriti. Við sölu forpakkaðra matvæla á markaði, sem merkt eru með þeim hætti sem getið er í c-lið, er skylt að tryggja að fyrir hendi sé nauðsynlegur tækjabúnaður sem neytendur hafa aðgengi að á hverjum sölustað í því skyni að nálgast lögboðnar upplýsingar matvæla.“

Samband garðyrkjubænda og Sölufélag garðyrkjumanna lýsa ánægju með þann vilja sem uppi virðist vera til að fjölga leiðum og þróa upplýsingagjöf til neytenda. Vert er að hvetja til áframhaldandi vinnu í þeim efnum svo neytendur geti fengið viðbótarfróðleik og jafnvel gagnvirkar upplýsingar um þá vöru sem boðin er. Ekkert í nágildandi reglugerð kemur í veg fyrir að viðbótarupplýsingum sé miðlað með hverjum þeim hætti sem framleiðendur og seljendur kjósa.

Það kemur hins vegar ekki til greina að mati framangreindra aðila að gefa það valfrjálst að miðla einvörðungu upplýsingum með rafrænum hætti, sbr. lið c, í stað þess að upplýsingar um vöruna komi fram á umbúðum og/eða merkimiðum sem festur er á þær, líkt og nú er kveðið á um.

Í september sl. birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið niðurstöður úr vinnu starfshóps sem fjallaði um bættar merkingar matvæla og miðlun upplýsinga til neytenda.

Sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/09/16/Radherra-afhentartillogur-um-betri-merkingar-a-matvaelum/>

Ekki verður annað séð en að sú breytingartillaga sem hér liggur fyrir gangi gegn tillögum starfshópsins þar sem lögð var áhersla á aukið aðgengi neytenda að upplýsingum og úrbætur varðandi merkingar.

Nokkur brögð hafa verið að því að ákvæðum reglugerðarinnar hafi ekki verið fylgt. Það hefur t.d. verið reynsla Sölufélags garðyrkjumanna um árabíl að merktir plastkassar sem félagið notar til að safna og dreifa innlendum garðávöxtum hafa ítrekað verið notaðir undir innfluttar vörur, án þess að getið væri um uppruna vörunnar. Slíkt hlýtur að teljast villandi þar sem neytendur mættu ætla af merkingum á kössunum að um innlenda framleiðslu væri að ræða.

Í síðustu ársskýrslu Matvælastofnunar, Sjá: <https://www.mast.is/is/um-mast/utgefingefni/skyrslur/arsskyrsla-2019#voktun> kemur fram að við skimun fyrir varnarefnum í grænmeti hafi öll innlend sýni verið án leifa eða undir viðmiðunarmörkum. Sambærileg athugun á innfluttu grænmeti leiddi í ljós að tæplega tíunda hvert sýni var yfir mörkum, þ.e. (9,7%). Af þessum ástæðum og fleirum er mikilvægt að miðlun upplýsinga til neytenda sé áreiðanleg og takmarka þarf möguleika á að villt sé um fyrir kaupendum.

Ekki verður annað séð en rafrænar merkingar í stað merkingu á umbúðum vöru muni draga úr upplýsingamiðlun til neytenda. Þannig má efast um að fólk gefi sér tíma til þess í innkaupaferðum að staldra við skanna og lesa sér til um einstaka vörur og standa jafnvel í röð til að komast að viðkomandi búnaði. Þá kemur heldur ekki fram hvort rafræn upplýsingamiðlun leggur þær skyldur á herðar seljenda að upplýsingar komi fram með skýrum hætti, þ.e. í viðundandi leturstærð og á íslensku. Ætla má að ákveðnir hópar, sem síður tileinka sér rafrænar lausnir, verði af mikilvægum upplýsingum sem þeir eiga rétt á að njóta og geta átt þátt í kaupákvörðunum.

Þá má velja því upp hvers langt ætlunin er að ganga með þessari breytingatillögu? Er t.d. ætlunin að innihaldsefni, ofnæmisvaldar og aðrar mikilvægar upplýsingar um vöru verði einungis aðgengilegar með rafrænum hætti?

Framleiðsla matvæla á Íslandi, eftirlit og merkingar lúta samræmdu regluverki Evrópusambandsins og byggir reglugerð nr. 1294/2014 í raun á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1169/2011, sjá:

<https://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:304:0018:0063:en:PDF>

Í þeirri reglugerð er skýrt kveðið á um hvaða upplýsingum skal miðla og með hvaða hætti. Ekki verður betur séð en fyrirhugað breyting á reglugerð nr. 1292/2014 gangi gegn þeim ákvæðum og því fyrirkomulagi sem viðhaft er í nágrannalöndunum.

Að framansögðu er það niðurstaða Sambands garðyrkjubænda og Sölufélags garðyrkjumanna að leggjast eindregið gegn fyrirhugaðri breytingu á reglugerð nr. 1294/2014.